

Fundargerð 2002

Sjóðfélagafundur 11. apríl 2002

Fundargerð Sjóðsfélagafundar Lífeyrissjóðs bankamanna sem var haldinn fimmtudaginn 11. apríl síðastliðinn.

Fundargerð

Sjóðfélagafundur Lífeyrissjóðs bankamanna
haldinn fimmtudaginn 11. apríl 2002 á Hótel Loftleiðum

Sjóðfélagafundur Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2001 var haldinn í þingsal 8 á Hótel Loftleiðum, fimmtudaginn 11. apríl 2002 kl. 17:15. Fundurinn hófst með því að Haukur Þór Haraldsson, formaður stjórnar sjóðsins bauð gesti velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Jakob R. Möller, hrl. lögmaður sjóðsins yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt. Jakob tók við stjórn fundarins og tilkynnti að hann hefði kynnt sér boðun fundarins og lýsti því yfir að hún væri í samræmi við samþykktir sjóðsins og þar með væri fundurinn löglegur. Þá óskaði hann eftir því að Árni Þór Þorbjörnsson lögmaður í Landsbankanum tæki að sér fundarritun.

GÖGN SEM LÁGU FRAMMI Á FUNDINUM:

- 1) Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar fyrir árið 2001.
- 2) Tryggingarfræðileg úttekt Bjarna Guðmundssonar, cand. act
- 3) Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna.

Var nú gengið til formlegrar dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykkt sjóðsins.

DAGSKRÁ:

- 1) Skýrsla stjórnar.
- 2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins.
- 3) Tryggingarfræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.
- 4) Fyrirliggjandi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins sbr. ákvæði 7. gr.
- 5) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.
- 6) Kosning stjórnarmanna skv. 2.gr.
- 7) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.
- 8) Fjárfestingarstefna sjóðsins.

1) SKÝRSLA STJÓRNAR

Haukur Þór Haraldsson, stjórnarformaður reifaði helstu þætti í starfsemi sjóðsins á síðasta ári. Í stjórn sjóðsins á síðasta ári sátu Haukur Þór Haraldsson, Arnór Sighvatsson og Friðbert Traustason sem fulltrúar sjóðfélaga, Helgi S. Guðmundsson, tilnefndur af bankaráði Landsbanka Íslands hf., Ingvar Sigfússon, tilnefndur af bankaráði Seðlabanka Íslands og Haukur Helgason sem var tilnefndur af aðildarfyrirtækjum sjóðsins. Starfsmenn sjóðsins eru Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri og Svana M. Símonardóttir þjónustufulltrúi.

Á árinu voru haldnir 12 stjórnarfundir og 130 dagskrármál voru tekin fyrir. Mikil vinna fór fram í samvinnu við Efnahagsspár og ráðgjöf vegna mótunar nýrrar fjárfestingastefnu og sérstök úttekt var unnin á sjóðsstreymi hlutfallsdeildar með hliðsjón af því að deildin er lokuð.

Samningar við Landsbanka–Landsbréf og Búnaðarbanka Verðbréf voru endurnýjaðir.

Stjórnin lét gera könnun meðal sjóðsfélaga um viðhorf þeirra til þjónustu sjóðsins. Niðurstaðan var góð og sögðu tæp 90% að þjónustan væri mjög góð eða góð. Vissalega þarf að kanna hvað veldur því að 9% töldu þjónustunni ábótavant og verður það verkefni næstu stjórnar að fylgja því eftir.

Nýr samningur um innra eftirlit var gerður við endurskoðunarfyrirtækið Deloitte & Touche.

Fjárfestingatekjur sjóðsins voru verulega meiri en iðgjöld enda er sjóðurinn stór og með þeim elstu á landinu. Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris var 19.287 mkr. í lok ársins og verður um mitt þetta ár orðin yfir 20 milljarðar. Þá eru gjöld lág í nær öllum samanburði. Í hlutfallsdeild fækkaði um 56 greiðandi sjóðsfélaga. Þeim sem fá útgreiðslur fjölgaði um 41% og eru 98% af þeim sjóðsfélögum sem fá útgreiðslur. Sjóðsfélagar eru rúmlega 6.000 og þar af eru 44% að greiða inn eða fá útgreiðslur en 56% eiga geymdan rétt.

Sjóðsfélögum í stigadeild hefur fjölgað verulega frá stofnun hennar um áramótin 1997/1998. Á árinu 2001 voru iðgjöld stigadeildar hærri en hlutfallsdeildar í fyrsta sinn og verður svo áfram.

Ávöxtun sjóðsins á síðasta ári var neikvæð um 0,27%. Hafa verður í huga að yfir 80% af eignum sjóðsins fylgja markaðsbreytingum. Í samanburði við aðra sjóði má þokkalega við una þó neikvæð ávöxtun sé ekki ásættanleg til lengri tíma litið.

Haukur vék lítillega að fjárfestingarstefnu sjóðsins en hún er til umfjöllunar sem sérstakur dagskrárliður síðar á fundinum.

Báðar deildir eiga rúmlega 2% eignir umfram heildarskuldbindingar. Sjóðurinn á því vel fyrir skuldbindingum. Hlutfallsdeild er viðkvæmari. Haukur sagði að dregið hefði úr nýtingu 95 ára reglunnar enda hefur fækkað í þeim hópi sem hefði getað nýtt sér hana vegna þess að sjóðsfélagar hafa látið af störfum. Eðlilega er þróun í átt til lægri aldurs við starfslok.

Haukur fjallaði lítillega um áhrif Hæstaréttardóma sem féllu á síðasta ári. Niðurstaða þeirra er skýr varðandi þann hóp sem átti geymdan lífeyrisrétt. Dómurinn fjallar hins vegar ekki beint um þann hóp sem á rétt til endurgreiðslu. Haukur sagði viðræður hafa átt sér stað milli lögmanna aðila og að líklega verði að láta reyna á þessi mál fyrir dómstólum til þess að fá endanlega niðurstöðu.

Töluverð vinna var við afgreiðslu sjóðsfélagalána líkt og áður. Stjórnin greip til aðgerða til að einfalda og hraða ferli við afgreiðslu lánamála. Ekki hefur dregið úr eftirspurn eins og þó hafði verið búist við. Stjórnin hefur notað greiðslumat í auknu mæli. Þróun fasteignamarkaðarins hefur valdið nokkrum áhyggjum. Erfitt að meta veð þegar fasteignaverð er í hámarki. Þar sem fasteignamarkaður er óvirkur er erfitt að meta raunverulegt verðmæti eigna og þar með veðhæfi þeirra.

Að máli Hauks loknu lagði fundarstjóri til að dagskrárliðir 2) og 3) yrðu sameinaðir og umfjöllun um ávöxtun eignasafns sjóðsins færi einnig fram undir þessum dagskrárlið og var ekki hreyft mótmælum við því.

2) KYNNING OG AFGREIÐSLA ÁRSREIKNINGA SJÓÐSINS

&

3) TRYGGINGARFRÆÐILEG ÚTTEKT Á STÖÐU SJÓÐSINS

Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri sjóðsins gerði því næst grein fyrir ársreikningi sjóðsins. Sigtryggur fór yfir yfirlit um breytingar á hreinni eign sjóðsins árið 2001. Vakti hann sérstaklega athygli á því að kostnaðarhlutfall sjóðsins væri ekki nema 0,16% sem væri lægra en hjá sambærilegum lífeyrissjóðum. Því næst fór Sigtryggur yfir efnahagsreikning sjóðsins.

Sigtryggur gerði sérstaka grein fyrir deildarskiptu yfirliti um breytingar á hreinni eign og deildarskiptum efnahagsreikningi. Hluttur hlutfallsdeildar hefur minnkað í tæplega 84% af heildarefnahag sjóðsins.

Sigtryggur gerði að umtalsefni ávöxtun sjóðsins síðastliðið ár. Þó svo hún væri undir núlli þá taldi hann að þetta væri mjög góður árangur í samanburði við aðra stærri lífeyrissjóði. Hafa yrði í huga að reikningar sjóðsins væru færðir á markaðskröfu en ekki uppreiknaðri kaupkröfu.

Að máli Sigtryggs loknu tilkynnti fundarstjóri að ekki yrði gengið til atkvæða um ársreikninginn fyrr en eftir að gerð hefði verið grein fyrir tryggingarfræðilegri úttekt sjóðsins sbr. lið 3) á dagskrá.

Þá tók til máls Bjarni Guðmundsson, tryggingarfræðingur sjóðsins en skýrsla hans lá fyrir fundinum. Bjarni byrjaði á því að útskýra hvað fælist í tryggingarfræðilegri úttekt. Í megin atriðum væri verið að bera eignir sjóða saman við þær skuldbindingar sem á þeim hvíla. Úttekt sem þessi væri hluti af því öryggiskerfi sem stjórnvöld hafi sett upp til verndar réttindum sjóðfélaga í íslenskum lífeyrissjóðum. Þá gerði Bjarni grein fyrir þeim aðferðum sem beitt er við úttektina. Niðurstaða Bjarna var sú að staða sjóðsins væri jákvæð í báðum deildum og væri það afar ánægjulegt fyrir sjóðsfélaga.

Þá tóku til máls Bjarni Karl Guðlaugsson frá Búnaðarbankanum – Verðbréfum og Svava Sverrisdóttir frá Landsbankanum – Landsbréfum og gerðu þau grein fyrir ávöxtun þess hluta sjóðsins sem er í vörslu bankanna hvors um sig.

Orðið var því næst gefið laust til umræðu um skýrslu stjórnar, ársreikning sjóðsins, tryggingarfræðilega úttekt og störf fjárvörsluaðila.

Til máls tók Gunnar V. Engilbertsson sem bar upp spurningar varðandi aldurstengingu réttinda í sjóðnum. Spurði Gunnar hvort aldurstenging réttinda væri til umræðu innan stjórnar sjóðsins og hvenær hún yrði tekin upp? Þá spurði Gunnar Bjarna Guðmundsson hvaða áhrif þetta myndi hafa á sjóðinn og beindi einnig spurningu til Jakobs Möllers, lögmanns sjóðsins, varðandi það hvaða samþykktarferli þyrfti að gangsetja til að ná fram slíkum breytingum.

Haukur svaraði því til að málið hefði ekki verið tekið upp með formlegum hætti en hefði verið rætt óformlega.

Bjarni taldi að þetta myndi hafa umtalsverð áhrif á sjóðinn og taldi unnt að framkvæma slíka breytingu með ýmsum hætti og nefndi nokkrar útfærslur sem aðrir sjóðir hafa beytt.

Jakob svaraði því til að við slíkar breytingar þyrfti að fara eftir þeim reglum sem settar eru í samþykktum sjóðsins. Jakob taldi skipta meginmáli hvort slíkt yrði gert með því að stofna nýja deild í sjóðnum eða með breytingum á stigadeildinni. Ferlið yrði flóknara og viðameira ef breyta ætti stigadeildinni.

Árni Jónsson spurði hvernig fjárvarslan skiptist milli Búnaðarbanka og Landsbanka. Haukur Þór svaraði því til að um það bil helmingi skipting væri við líði þannig að helmingur þess safns sem væri í stýringu væri hjá hvorum aðila um sig.

Ingi Erlingsson tók til máls og velti fyrir sér sjóðsfélagalánum hjá lífeyrissjóðnum. Spurði hann stjórn hvort unnt væri að færa þjónustu og afgreiðslu þeirra til samræmis við það sem best gerist hjá öðrum lífeyrissjóðum. Þá gerði Ingi ávöxtun sjóðsins að umtalsefni og taldi að hún væri sú næst lélegasta af öllum sjóðum í landinu eða 3,19% raunávöxtun s.l. 5 ár.

Haukur Þór tók til máls og taldi reglur sjóðsins varðandi sjóðsfélagalánin vera mjög í takt við það sem í gildi væri hjá öðrum sjóðum. Benti hann einnig á að ekki þyrftu allar lánsbeiðnir að fara fyrir sjóðsstjórn. Taldi Haukur að sjóðurinn sýndi sveigjanleika við afgreiðslu.

Varðandi ávöxtunina benti Haukur á að hafa bæri í huga að verulegar breytingar hefðu verið gerðar á sjóðunum árið 1998. Virk eignastýring hefði ekki farið fram fyrr en eftir mitt það ár og því ekki um 5 ára ávöxtun að ræða heldur 3. ára.

Friðbert Traustason tók til máls og fjallaði um stigadeild sjóðsins og bakgrunn stigakerfisins.

Ólafur Sörli Kristmundsson tók til máls og endurtók spurningu um hvort unnt væri að stofna deild með aldurstengingu réttinda. Þá spurði hann um háan rekstrarkostnað sjóðsins.

Haukur Þór varð fyrir svörum og taldi unnt að stofna slíka deild en til þess að af því gæti orðið þyrfti að koma fram tillaga á sjóðfélagafundi. Varðandi rekstrarkosnað taldi Haukur hann síst of háan.

Þar sem ekki komu fram frekari spurningar eða umræður bar fundarstjóri því næst ársreikning sjóðsins upp til atkvæða og var hann samþykktur samhljóða.

Fundarstjóri ákvað því næst að gera breytingu á auglýstri dagskrá og færði fram dagskrárliðinn fjárfestingastefna sjóðsins.

4) FJÁRFESTINGARSTEFNA SJÓÐSINS

Til máls tók Arnór Sighvatsson stjórnarmaður. Fjallaði hann um endurskoðun fjárfestingarstefnu sjóðsins og fjárvörslusamninga. Nefndi hann að það hefði síður en svo verið sjálfgefið að fela sömu aðilum ávöxtun eignasafns sjóðsins eins og verið hefði. Stjórn sjóðsins hafði verið fremur óánægð með árangur fjárvörsluaðila síðustu tveggja ára. Það var engu að síður niðurstaða stjórnarinnar að ganga aftur til samninga við Búnaðarbanka og Landsbanka enda hefði verið vandséð að aðrir sem hefðu getu til að stýra

svo stóru eignasafni hefðu náð nokkuð betri árangri en þeir. Stjórnin gerði nokkrar breytingar á fjárvörslusamningum við endurnýjun þeirra. Samhliða þessu tók ný fjárfestingastefna gildi.

Fjárfestingarstefna fyrir hlutfallsdeild er eftirfarandi: innlend skuldabréf 43%–53%, innlend peningamarkaðsbréf 0%–5%, innlend hlutabréf 3%–13%, erlend hlutabréf 0%–27% og erlend skuldabréf 5%–25%. Fyrir stigadeildina er fjárfestingarstefnan þessi: innlend skuldabréf 30%–40%, innlend peningamarkaðsbréf 1%–11%, innlend hlutabréf 10%–20%, erlend hlutabréf 0%–27% og erlend skuldabréf 0%–27%.

Fjárfestingarstafnan er því mismunandi fyrir hlutfallsdeild og stigadeild og er í sífelldri endurmótun. Dregið verður áhættu eignasafns hlutfallsdeildar.

Orðið var því næst gefið laust um fjárfestingarstefnu sjóðsins. Til máls tók Edda Rós Karlsdóttir og velti fyrir sér eignum sjóðsins í erlendum skuldabréfum með tilliti til áhættu sjóðsins og fyrirætlana um að minnka vægi þeirra eigna. Nefndi hún vexti erlendis og gengi krónunnar í því sambandi. Þá spurði hún hvort til umræðu hefði verið að taka upp virka áhættustýringu/gengisstýringu á erlendum eignum sjóðsins.

Arnór tók undir áhyggjur Eddu af þeim afleiðingum sem breytt gengisstefna hefði í för með sér á erlenda skuldabréfaeign sjóðsins. Þetta verður verkefni næstu stjórnar sjóðsins.

Friðbert Traustason tók til máls og bætti við að stefnan væri sett upp miðaða við núverandi eignir sjóðsins. Að öðru leyti tók hann undir áhyggjur Eddu og Arnórs.

5) FYRIRLIGGJANDI TILLÖGUR UM BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM SJÓÐSINS SBR. ÁKVÆÐI 7. GR.

ngar tillögur um breytingar á samþykktum lágu fyrir fundinum.

6) KOSNING SKOÐUNARMANNA REIKNINGA SJÓÐSINS

Gerð var tillaga um að Gunnlaugur Arnórsson og Þorsteinn Egilsson núverandi skoðunarmenn sjóðsins yrðu endurkjörnir og var það samþykkt með lófataki.

7) KOSNING STJÓRNARMANNA SKV. 2. GR.

Gerð var tillaga um að stjórn yrði óbreytt frá því sem verið hefur. Lýst var eftir öðrum framboðum og úr sal komu tillögur um Inga Erlingsson, Gunnar V. Engilbertsson og Önnu G Ívarsdóttur.

Því næst fór fram kosning samkvæmt samþykktum sjóðsins með þeim hætti að dreift var atkvæðaseðlum þar sem fundarmenn skyldu kjósa allt að þrjá af þeim sem í framboði voru:

Anna G Ívarsdóttir
Arnór Sighvatsson
Friðbert Traustason
Gunnar V. Engilbertsson
Haukur Þór Haraldsson
Ingi Erlingsson

Niðurstaðan var þessi:

Friðbert 39

Arnór 36

Haukur 36

Anna 32

Gunnar 8

Ingi 6

Fundarstjóri lýsti því Friðbert Traustason, Arnór Sighvatsson og Hauk Þór Haraldsson réttkjörna í stjórn sjóðsins.

Tillaga kom fram um að varamenn yrðu þeir sömu og áður og var það samþykkt. Jóhanna Ottesen, Kjartan Sigurgeirsson og Þórunn K. Þorsteinsdóttir eru því réttkjörnir varamenn í stjórn sjóðsins.

8) LAUN STJÓRNAR- OG SKOÐUNARMANNA

Tillaga lá frammi um að laun stjórnarmanna yrðu óbreytt 40 þúsund krónur á mánuði og var hún samþykkt.

Tillaga lá frammi um að laun skoðunarmanna yrðu óbreytt 40 þúsund á ári og var hún samþykkt samhjóða.

Fleira var ekki á dagskrá fundarins og fengu fundarstjóri og fundarritari umboð til þess að ganga frá fundargerð fundarins. Því næst var fundi slitið laust fyrir kl. 20:00. Fundarmenn voru tæplega 160 talsins.